



HAFNARFJÖRÐUR

Bréf sent eigendum við
Hraunbrún 51-53
Hrauntungu 1, 2, 16, 18 og 28.

Hafnarfjörður 12. júní 2018
Málsnr. 1705346

Hrauntunga, íbúafundur. Kynning á deiliskipulagstillögu við Hrauntungu 5.

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu var grenndarkynnt íbúum við Hrauntungu sem talið var að gætu haft hagsmuna að gæta vegna breytingatillögunnar. Var hún grenndarkynnt frá 19.03.2018–30.04.2018. Athugasemdir bárust frá íbúum við Hraunbrún og Hrauntungu. Svör vegna athugasemdanna hafa þegar verið send þeim sem þær gerðu.

Boðað er nú til íbúafundar þar sem tillagan verður kynnt íbúum. Þar gefst tækifæri til að fara yfir tillöguna og ræða við skipulagshöfunda.

Kynningin verður þann 27. júní n.k. kl.17 á Norðurhelli 2.

Mikilvægt er að þeir sem næst búa Hrauntungu 5, þar sem tillaga að uppbyggingu er gerð, mæti á fundinn. Er því óskað eftir viðbrögðum hvort ofangreindur fundartími henti.

Fundurinn verður jafnfamt auglýstur öðrum íbúum við Hrauntungu með dreifimiðum ásamt auglýsingum í bæjarblöðum þegar nær dregur.

Virðingarfyllt

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt